



2010

Þjóðarspeggillinn

Bóklestur íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi

Brynhildur Þórarinsdóttir
Þóroddur Bjarnason

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Bóklestur íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi

Brynhildur Þórarinsdóttir
Þóroddur Bjarnason

Bóklestur íslenskra barna og unglunga hefur minnkað mikið á undanförunum áratugum. Hópur bóklæsra fer stækkandi og stórlesendur eru orðnir fámennur minnihlutahópur. Hlutfall 10-15 ára barna sem aldrei lesa bækur sér til ánægju hækkaði úr 11% árið 1968 í 28% árið 2009. Á sama tíma skrátt hlutfall þeirra sem mest lesa verulega saman, eða úr 10% í 4% (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009). Lítil áhugi á bóklestri endurspeglast í því að árangur íslenskra nemenda í leskilningi er undir meðaltali OECD-landanna og þar að auki á niðurleið skv. Niðurstöðum PISA-prófanna (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2007).

Sú spurning hefur meira að segja vaknað hvort íslenskir nemendur séu yfirleitt læsir við lok grunnskóla (Hafþór Guðjónsson, 2008). Það er í það minnsta raunin að yngri börn hafa meiri áhuga á bóklestri en unglingar enda breytast lestrarvenjur með aldrinum. Unglingar lesa til dæmis frekar dagblöð og tímarit en yngri börn (Andrea G. Dofradóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2006). Þeir lesa líka mun oft nettexta eins og blogg (Bjarnason, Guðmundsson og Ólafsson, í prentun). Þegar staldrað er við 10. bekk telur einn af hverjum fjórum nemendum bóklestur eitt af helstu áhugamálum sínum en fimmtungur álitur lestur bóka vera tímasóun og jafnstór hópur á erfitt með að ljúka bók. 57% nemendanna gætu allt eins hugsað sér að hætta að lesa bækur (Almar M. Halldórsson, 2006). Kennarar í 10. bekk kvarta jafnframt yfir áhugaleysi unglunganna á yndislestri og að erfitt sé að glæða og viðhalda lestraráhuga hjá þeim (Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2009).

Grunnskólanemendur á Íslandi eru ekki einir um að sýna dvínandi áhuga á bóklestri. Þessa þróun má greina víða á Vesturlöndum (Knulst og Kraaykamp, 1997; Livingstone, Bovill og Gaksell, 1999; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Íslensku nemendurnir hafa hins vegar áberandi minni áhuga á bóklestri en jafnaldrar þeirra í þeim löndum sem koma betur út í alþjóðlegum samanburði á námsárangri (Almar M. Halldórsson o.fl., 2007). Það er því mikilvægt að átta sig á því hvar íslenskir nemendur standa í samanburði við jafnaldrar sína í Evrópu og hvað mótast lestraráhuga þeirra. Í þessari rannsókn er sjónum beint að lestrarvenjum íslenskra unglunga í samanburði við jafnaldrar þeirra í 35 Evrópulöndum sem þátt tóku í evrópsku ESPAD rannsókninni á tímabilinu 1995–2007. Eingöngu er fjallað um frjálsan bóklestur unglunganna. Ekki er vikið að öðru lesefni í þessari grein enda hefur verið sýnt fram á skýr tengsl milli áhuga nemenda á bóklestri og árangurs í leskilningi (Almar M. Halldórsson, 2006; Strommen og Mates, 2004).

Tveir hópar 15-16 ára unglunga eru skoðaðir sérstaklega; lestrarhestar sem daglega lesa bækur sér til ánægju og bóklæsir unglingar sem gera það aldrei. Leitast er við að finna þá þætti sem aðgreina hópana tvo, svo sem félagslegan bakgrunn, fjölskyldugerð og mismunandi lífsstíl unglunganna. Búið er við því að foreldrar með meiri menntun og hærri tekjur haldi frekar bókum að börnum sínum en margvíslegt álag einstæðra foreldra og stjúppforeldra geti dregið úr slíku (Chiu og Khoo, 2005; McElvany, Becker og Ludtke, 2009). Þá má búast við því að þeir nemendur sem standa sig best í skólanum lesi meira en þeir sem standa sig verst í skóla (Mortimore, Sammons, Stoll, Lewis og Ecob, 1988). Þar sem sá tími sem er til aflögu á hverjum degi er takmarkaður

gera kenningar um tilfærslu (*displacement*) ráð fyrir því að lestur minnki þegar önnur tómstundiðja eykst (Raeymaeckers, 2002). Því mætti búast við því að unglíngar sem verja meiri tíma í íþróttum eða í félagsskap vana sinna hafi minni tíma aflögu til yndislestrar. Loks er við því að búast að lífsstíll þeirra nemenda sem reykja sígarettur og drekka áfengi sé ekki hliðhollur yndislestri (King, Meehan, Trim og Chassin, 2006).

Aðferð og gögn

Rannsóknin byggist á spurningum sem lagðar voru fyrir 15–16 ára skólanema í tengslum við evrópsku vímuefnarannsóknina ESPAD á vordögum 2007 (Hibell o.fl., 2009). Alls tóku 104.828 skólanemar sem mættir voru á fyrirlagnardag þátt í rannsókninni. Svarhlutfall var á bilinu 79–95% í einstökum löndum. Svarhlutfall á Íslandi var 81% af öllum skráðum nemendum í 10. bekk grunnskóla.

Lestur skólanema var mældur með svörum nemenda við spurningu um hversu oft þeir lesa bækur aðrar en skólabækur sér til skemmtunar og voru svörin kóðuð þannig að þeir sem lásu aldrei fengu gildið 1 en þeir sem lásu nánast daglega fengu gildið 3. Þeir sem lásu stundum en ekki nánast daglega voru viðmiðunarhópur og fengu gildið 2.

Menntun föður og móður var metin á fimm punkta kvarða (1: Grunnskólapróf; 5: Háskólapróf) og fjárhagsleg staða fjölskyldunnar var metin með spurningu um hversu gott fjölskyldan hafi það peningalega í samanburði við aðrar fjölskyldur í landinu (1: Miklu verra; 7: Miklu betra).

Fjölskyldugerð var metin með röð spurninga um hverjir búa á heimilinu og voru útbúnar tvígildar breytur fyrir fjölskyldur einstæðra mæðra, einstæðra fedra, móður og stjúpföður og föður og stjúpmóður (Nei: 0; Já: 1). Þeir sem bjuggu hjá báðum kynforeldrum voru samanburðarhópur.

Þátttaka í íþróttum og það að vera á ferðinni með vinum sínum úti á götu eða í verslunarmiðstöð var hvort um sig metið á fimm punkta kvarða (1: Aldrei; 5: Nánast daglega). Gengi í skóla var þrískipt þar sem útbúnar voru leppbreytur fyrir þá sem töldu að þeir stæðu sig best og þá sem töldu að þeir stæðu sig verst (0: Nei, 1: Já). Loks voru útbúnar leppbreytur fyrir þá sem reykja daglega og hafa orðið drukknir um ævina (0: Nei, 1: Já).

Öryggisbil eru reiknuð miðað við 95% öryggi. Beitt var fjöliliða aðhvarfsgreiningu (multinomial logistic regression) til að finna þá þætti sem greina nemendur sem annars vegar lesa aldrei og hins vegar lesa nánast daglega sér til skemmtunar frá viðmiðunarhópi þeirra sem lesa stundum (Pampel, 2000).

Niðurstöður

Í töflu 1 má sjá að 21% ($\pm 0,2\%$) 15–16 ára nemenda í löndunum 35 lesa aldrei bækur sér til skemmtunar. Á Íslandi er hlutfallið 23% ($\pm 1,4\%$) sem er marktækur munur ($1,6\% \pm 1,4\%$).

Tafla 1. Hlutfall nemenda sem lesa aldrei bækur sér til skemmtunar og 95% öryggisbil

Land	Lesi aldrei	Öryggisbil
Króatía	34%	32-35%
Slóvenía	30%	29-32%
Belgía	30%	28-32%
Holland	29%	27-31%
Austurríki	29%	27-31%
Færeyjar	29%	25-33%
Ítalía	27%	26-28%
Írland	26%	24-28%
Mön	26%	22-29%
Frakkland	25%	23-26%
Noregur	24%	23-25%
Slóvakía	24%	22-25%
Pólland	24%	22-25%
ÍSLAND	23%	21-24%
Mónakó	22%	18-26%
Búlgarí	22%	20-24%
Þýskaland	22%	21-23%
Grikkland	22%	20-23%
Bretland	22%	20-23%
Kýpur	21%	20-23%
Litháen	20%	19-22%
Svíþjóð	20%	19-22%
Tékkland	20%	19-22%
Sviss	20%	18-22%
Lettland	17%	15-18%
Portúgal	16%	15-17%
Úkraína	15%	14-17%
Finnland	15%	14-16%
Malta	14%	13-15%
Rúmenía	14%	12-15%
Danmörk	13%	11-16%
Rússland	13%	12-14%
Ungverjaland	12%	11-13%
Eistland	12%	10-13%
Armenía	8%	8-9%
MEÐALTAL	21%	21-21%

Í átta löndum eru marktækt fleiri nemendur en á Íslandi sem lesa aldrei bækur sér til skemmtunar (Króatíu, Slóveníu, Belgíu, Hollandi, Austurríki, Færeyjum, Ítalíu og Írlandi). Í ellefu löndum eru marktækt færri en á Íslandi sem lesa aldrei bækur sér til skemmtunar (Lettlandi, Portúgal, Úkraínu, Finnlandi, Möltu, Rúmeníu, Danmörku, Rússlandi, Ungverjalandi, Eistlandi og Armeníu).

Í töflu 2 má sjá að 11% ($\pm 0,2\%$) 15–16 ára nemenda í löndunum 35 lesa bækur nær daglega sér til skemmtunar. Á Íslandi er hlutfallið 9% ($\pm 1,0\%$) sem er marktækt ólíkt niðurstöðunum fyrir löndin 35 ($2,0\% \pm 1,0\%$).

Tafla 2. Hlutfall nemenda sem lesa daglega bækur sér til skemmtunar og 95% öryggisbil

Land	Lesi daglega	Öryggisbil
Armenía	28%	26–29%
Rússland	18%	16–19%
Írland	16%	15–18%
Malta	16%	15–17%
Þýskaland	16%	15–17%
Ungverjaland	15%	13–16%
Svíþjóð	14%	13–16%
Færeyjar	14%	11–17%
Úkraína	14%	12–15%
Mön	14%	11–16%
Sviss	13%	11–14%
Frakkland	12%	11–14%
Tékkland	12%	11–13%
Danmörk	12%	10–14%
Bretland	12%	11–13%
Ítalía	12%	11–12%
Finnland	12%	11–12%
Noregur	11%	10–12%
Pólland	11%	9–12%
Lettland	10%	9–11%
Búlgaría	10%	9–11%
Austurríki	10%	8–11%
ÍSLAND	9%	8–10%
Slóvakía	9%	8–10%
Portúgal	9%	8–10%
Litháen	9%	8–10%
Mónakó	9%	6–12%
Eistland	9%	7–10%
Kýpur	8%	7–8%
Holland	7%	6–9%
Grikkland	7%	6–8%
Rúmenía	7%	6–8%
Belgía	7%	6–8%
Króatía	5%	4–6%
Slóvenía	5%	4–5%
MEDALTAL	11%	11–12%

Í sautján löndum eru marktækt fleiri sem nær daglega lesa bækur sér til skemmtunar (Úkraínu, Möltu, Danmörku, Ungverjalandi, Írlandi, Mön, Sviss, Frakklandi, Tékklandi, Bretlandi, Ítalíu, Finnlandi, Þýskalandi, Svíþjóð, Færeyjum, Rússlandi og Armeníu). Í sjö löndum eru marktækt færri nemendur sem nær daglega lesa sér til skemmtunar (Króatíu, Slóveníu, Belgíu, Hollandi, Kýpur, Grikklandi, Rúmeníu).

Tafla 3 sýnir niðurstöður fjölliða aðhvarfsgreiningar. Stelpur eru mun ólíklegri (OR: 0,38) til þess að lesa aldrei bækur. Með öðrum orðum eru strákar 2,6 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur.

Tafla 3. Hlutfall nemenda sem lesa daglega bækur sér til skemmtunar og 95% öryggisbil

Lesi aldrei	ÍSLAND		ÖNNUR LÖND	
	OR	95%	OR	95%
Stelpan	0,54	,46 – ,64	0,38	,37 – ,39
Menntun föður	0,85	,79 – ,91	0,91	,90 – ,93
Menntun móður	0,86	,80 – ,92	0,88	,87 – ,90
Efnahagur	1,01	,93 – 1,10	0,99	,98 – 1,01
Einstæð móðir	1,26	1,02 – 1,55	1,08	1,03 – 1,14
Einstæður faðir	0,85	,44 – 1,64	1,18	1,07 – 1,31
Móðir og stjúpfi	0,81	,60 – 1,10	1,12	1,05 – 1,19
Faðir og stjúpfi	1,59	,80 – 3,13	1,02	,91 – 1,16

Lesi daglega	OR	95%	OR	95%
Stelpan	1,31	1,03 – 1,66	1,83	1,76 – 1,91
Menntun föður	0,98	,89 – 1,09	1,12	1,10 – 1,15
Menntun móður	1,14	1,04 – 1,26	1,1	1,08 – 1,13
Efnahagur	0,87	,77 – ,98	1,02	1,01 – 1,04
Einstæð móðir	0,98	,72 – 1,34	1,08	1,02 – 1,15
Einstæður faðir	1,54	,71 – 3,40	0,92	,79 – 1,06
Móðir og stjúpfi	0,99	,67 – 1,45	1,05	,97 – 1,13
Faðir og stjúpfi	1,53	,58 – 4,05	0,99	,85 – 1,16
Nagelkerke	0,06		0,08	

Líkur þess að lesa aldrei bækur minnka um um það bil 0,9 fyrir hvert stig menntunar föður og móður frá 1 til 5. Þessi líkindi eru sjálfstæð þannig að unglingar sem eiga bæði föður og móður með grunnskólapróf eru næstum tvöfalt líklegri (OR: 1,9) til að lesa aldrei bækur en þeir unglingar sem eiga bæði móður og föður með háskólapróf. Þá eru unglingar sem búa hjá einstæðri móður eða móður og stjúpfi föður 1,1 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur og þeir sem búa hjá einstæðum föður 1,2 sinnum líklegri til þess. Niðurstöðurnar fyrir íslenska unglunga eru að þessu leyti ekki marktækt frábrugðnar niðurstöðunum fyrir öll 35 löndin nema hvað kynjamunur á því að lesa aldrei bækur er marktækt minni hér á landi (OR: 0,54±0,09) en í heild (OR: 0,38±0,01).

Þá sýnir Tafla 3 einnig að stelpur eru mun líklegri (OR: 1,83) til að lesa bækur daglega. Líkur þess að lesa daglega aukast um um það bil 1,1 fyrir hvert stig menntunar föður og móður frá 1 til 5. Þessi líkindi eru sjálfstæð þannig að unglingar sem eiga bæði föður og móður með háskólapróf eru næstum tvöfalt líklegri (OR: 1,9) til að lesa bækur daglega en þeir unglingar sem eiga bæði móður og föður með grunnskólapróf. Þá eru unglingar í Evrópu sem búa við hvað mesta efnahagslega velsæld á sjö punkta skala eilítið líklegri (OR: 1,12) til að lesa bækur daglega en hinir sem búa við minnsta velsæld. Þá eru börn einstæðra mæðra einnig svolítið líklegri (OR: 1,08) til að lesa bækur daglega. Íslenskir unglingar skera sig aftur frá heildarhópi unglunga á þessum aldri að því leyti að kynjamunur á þeim sem lesa bækur daglega er marktækt minni hér á landi (OR: 1,31±0,31) en í heild (OR: 1,83±0,07). Að auki tengist menntun föður ekki auknum líkum á því að lesa bækur daglega og er það marktækt ólíkt hópnum í heild. Loks veur athygli að sambandið milli efnahagslegrar stöðu fjölskyldunnar og daglegs bóklestrar er öfugt hér á landi miðað við Evrópu í heild. Þannig eru börn sem telja efnahagslega stöðu fjölskyldunnar lakasta 1,6 sinnum líklegri til að lesa bækur daglega en þau sem telja efnahagslegu stöðuna besta – þegar tekið hefur verið tillit til menntunar foreldra. Þannig virðist aukin menntun foreldra auka líkurnar á því að lesa bækur daglega en efnahagsleg staða umfram það minnka líkurnar á slíkum lestri.

Tafla 4 sýnir niðurstöður fjölliða aðhvarfsgreiningar þar sem lífsstíll unglunganna hefur verið tekinn með í reikninginn. Hvað varðar þann hóp sem les aldrei bækur eru

niðurstöðurnar fyrir kyn, menntun foreldra og efnahagslega stöðu ekki marktækt frábrugðnar því sem sjá mátti í Töflu 3 hér að ofan. Hins vegar er ekki lengur marktækur munur á líkum þess að lesa aldrei bækur eftir fjölskyldugerð. Með öðrum orðum virðist sem munur á fjölskyldugerð tengist því að lesa aldrei bækur með sama hætti og lífsstíl unglínganna almennt. Íslenskir unglíngar eru ekki marktækt ólíkir öðrum hvað þessa þætti varðar.

Tafla 4. Hlutfall nemenda sem lesa daglega bækur sér til skemmtunar og 95% öryggisbil

Lesi aldrei	ÍSLAND		ÖNNUR LÖND	
	OR	95%	OR	95%
Stelpan	0,47	,39 - ,57	0,35	,34 - ,36
Menntun föður	0,88	,82 - ,95	0,93	,91 - ,94
Menntun móður	0,9	,84 - ,97	0,89	,88 - ,91
Efnahagur	1,05	,96 - 1,14	1	,98 - 1,02
Einstæð móðir	1,2	,96 - 1,49	0,99	,94 - 1,04
Einstæður faðir	0,66	,33 - 1,32	1,05	,94 - 1,17
Móðir og stjúpi	0,73	,54 - 1,00	0,99	,93 - 1,06
Faðir og stjúpa	1,16	,58 - 2,34	0,95	,83 - 1,07
Þáttaka í íþróttum	0,86	,77 - ,95	0,81	,80 - ,82
Tími með vinum	1,22	1,11 - 1,35	1,13	1,11 - 1,15
Gott námsgengi	0,33	,24 - ,46	0,7	,66 - ,74
Slakt námsgengi	2,2	1,65 - 2,92	1,45	1,39 - 1,51
Reykir daglega	1,37	1,04 - 1,81	1,54	1,48 - 1,60
Orðið drukin/n	1,61	1,32 - 1,95	1,26	1,22 - 1,31

Lesi daglega	OR	95%	OR	95%
Stelpan	1,37	1,08 - 1,76	1,77	1,70 - 1,85
Menntun föður	0,97	,87 - 1,07	1,11	1,09 - 1,13
Menntun móður	1,12	1,02 - 1,24	1,09	1,07 - 1,11
Efnahagur	0,87	,77 - ,98	1,02	1,00 - 1,04
Einstæð móðir	0,99	,72 - 1,36	1,15	1,08 - 1,23
Einstæður faðir	1,81	,82 - 3,99	0,96	,83 - 1,11
Móðir og stjúpi	1,07	,72 - 1,56	1,17	1,08 - 1,26
Faðir og stjúpa	2,04	,76 - 5,47	1,05	,90 - 1,23
Þáttaka í íþróttum	0,86	,74 - ,99	0,98	,96 - 1,00
Tími með vinum	0,87	,76 - ,99	0,85	,84 - ,87
Gott námsgengi	1,55	1,18 - 2,04	1,43	1,36 - 1,51
Slakt námsgengi	0,74	,39 - 1,42	0,86	,81 - ,93
Reykir daglega	1,2	,70 - 2,06	0,97	,91 - 1,04
Orðið drukin/n	0,55	,41 - ,75	0,77	,74 - ,81
Nagelkerke	0,16		0,13	

Íþróttþátttaka tengist minni líkum á því að lesa aldrei bækur en það að vera úti á kvöldin með vinum sínum tengist auknum líkum á slíku. Unglingar sem eru aldrei í íþróttum á fimm punkta skala eru því nær tvöfalt líklegri (OR: 1,94) til þess að lesa aldrei bækur en þeir sem eru nær daglega í íþróttum. Þeir sem eru nær daglega úti með vinum sínum á kvöldin eru hins vegar 1,5 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur en þeir sem eru aldrei úti með vinum sínum á kvöldin.

Svo sem við mátti búast eru þeir nemendur sem telja að þeir séu í hópi þeirra slökustu í skóla 1,5 sinnum líklegri til þess að lesa aldrei bækur, en þeir sem telja sig í hópi þeirra bestu eru ólíklegri til þess (OR: 0,70). Þá eru þeir unglíngar sem reykja daglega 1,5 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur og þeir sem hafa orðið drukkinn eru 1,3 sinnum líklegri til þess. Íslenskir unglíngar eru marktækt frábrugðnir hópnum í

heild að því leyti að tengslin við gengi í skóla og að hafa orðið drukkinn eru marktækt sterkari hér á landi en almennt í Evrópu.

Þegar loks er litið til þeirra þátta sem tengjast því að lesa bækur daglega kemur í ljós að sambandið við kyn, menntun foreldra, efnahagslega stöðu og fjölskyldugerð breytist ekki marktækt þegar tekið er tillit til lífsstíls. Íþróttapátttaka tengist ekki daglegum bóklestri með marktækum hætti en unglingar sem eru úti með vinum sínum flest kvöld eru á fimm punkta skala 1,7 sinnum ólíklegri til að lesa bækur daglega en þeir sem aldrei gera slíkt. Þá eru unglingar sem standa sig best í skólanum 1,4 sinnum líklegri til að lesa bækur daglega að teknu tilliti til annarra þátta en líkurnar eru 0,86 lægri meðal þeirra þeir sem standa sig slakast í skóla. Daglegar reykingar tengjast daglegum bóklestri ekki með marktækum hætti en líkurnar á því að lesa bækur daglega eru 0,77 lægri hjá þeim sem hafa orðið drukkinnir. Íslenskir nemendur í 10. bekk skera sig ekki marktækt frá hópnum í heild hvað varðar tengsl lífsstíls og daglegs bóklestrar.

Umræða

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að áhugi íslenskra barna og unglunga á bóklestri fer minnkandi (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Slíkar niðurstöður ættu að vekja fólk til umhugsunar enda er ekki aðeins um áhugamál barnanna að ræða heldur einnig lesskilning og þar með námsárangur og framtíðartækifæri. Tengsl lesskilnings og áhuga á bóklestri eru staðfest í mörgum rannsóknum (Almar M. Halldórsson, 2006; Strommen og Mates, 2004). Árangur íslenskra nemenda í lesskilningi í PISA prófunum hefur ekki verið sem skyldi en unglingar í 10. bekk hérlendis hafa áberandi minni áhuga á lestri bóka en jafnaldrar þeirra í þeim löndum þar sem lesskilningur er að meðaltali betri (Almar M. Halldórsson, 2006). Þegar haft er í huga að ánægja af bóklestri er einn helsti forspárþátturinn fyrir gott gengi í lesskilningi í PISA (Almar M. Halldórsson, 2006) er ljóst að finna þarf leiðir til að efla áhuga á bóklestri svo nemendur á Íslandi standist samanburð við jafnaldra sína í nágrennalöndunum. Mikilvægt er að skoða hvar íslenskir nemendur standa og hvaða þættir hafa áhrif á lestrarvenjur þeirra.

Áhugi unglunga á bóklestri fer víða minnkandi (Knulst og Kraaykamp, 1997; Livingstone, Bovill og Gaksell, 1999; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Þeim fjölgar sem lesa aldrei bækur og þeim fækkar sem lesa bækur daglega sér til skemmtunar. Þróunin hér er því í sömu átt og í öðrum löndum. Íslensku unglungarnir hafa hins vegar ekki úr háum söðli að detta. Þeir eru ívið hærri en meðaltalið þegar litið er á þá sem ekkert lesa, 23% íslenskra unglunga lesa aldrei bækur sér til ánægju en meðaltalið er 21%. Að sama skapi lesa aðeins 9% íslenskra unglunga bækur daglega en 11% samanburðarhópsins. Þessi munur er marktækur. Í 17 Evrópulöndum eru enn fremur marktækt fleiri sem lesa bækur daglega en hérlendis. Það má því segja að íslensku unglungarnir séu í slöku meðallagi hvað áhuga á bóklestri varðar.

Þótt bókmenntakennsla hvíli á herðum skólanna fer bókmenntaupveldið fram inni á heimilunum. Íslensk börn sem telja má lestrarhesta eiga það sameiginlegt að hafa alist upp við bóklestur og að lesið sé í kringum þau á heimilinu (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009). Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna mikilvægi lestraruppeldis (Romme-Lund, 2007; Strommen og Mates, 2004). Það kemur því ekki á óvart að menntun foreldra skiptir máli. Unglingar sem eiga bæði föður og móður með háskólapróf eru næstum tvöfalt líklegri til að lesa bækur daglega en þeir sem eiga foreldra með grunnskólapróf. Hér skera okkar heimili sig ekki úr. Athyglisvert er hins vegar að efnahagsleg staða hefur önnur áhrif á áhuga á bóklestri hérlendis en í samanburðarhópnum. Börn efnadra foreldra eru ólíklegri til að lesa bækur daglega, jafnvel þótt foreldrarnir séu menntaðir. Þannig virðist aukin menntun foreldra auka líkurnar á því að lesa bækur daglega en efnahagsleg staða umfram það

minnka líkurnar á slíkum lestri. Þessu eru þveröfugt farið í Evrópu þar sem bættur efnahagur skilar sér í auknum lestraráhuga. Áður hefur verið sýnt fram á sambærilega sérstöðu Íslands en Ísland var eina þáttökulandið í PISA 2000 þar sem auknar veraldlegar eigur höfðu neikvæð áhrif á lesskilning (Almar M. Halldórsson, 2006). Í náttúrufræðiprófum PISA 2006 kom fram sams konar neikvætt samband milli efnislegra gæða og námsárangurs á Íslandi (Almar M. Halldórsson o.fl, 2007). Þar kom einnig fram að efnisleg gæði og veraldlegar eigur eru meðal þess sem er marktækt betra á heimilinum á Íslandi en á Norðurlöndunum og öðrum OECD löndum.

ESPAD rannsóknin staðfestir alls staðar mikinn mun á lestrarvenjum stelpna og stráka. Íslenskir strákar eru 2,6 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur og stelpur 1,8 sinnum líklegri til að lesa bækur daglega. Engir þættir sem spurt var um í þessari rannsókn reyndust skýra þennan kynjamun. Munur á lestrarvenjum kynjanna hérlendis kemur ekki á óvart enda hefur áður verið sýnt fram á að íslenskar stelpur lesi meira en strákar (Almar M. Halldórsson, 2006; Broddason, 2006). Það vekur hins vegar athygli að kynjamunur er marktækt minni hérlendis en í samanburðarlöndunum, bæði í bókhneigða hópnum og þeim bóklasa. Það má skýra með því að munur á lífsstíl kynjanna hér er almennt minni en í Evrópu. Lífsstíll unglínganna hefur þó fyrst og fremst áhrif þegar lítið er á þann hóp sem ekkert les af bókum. Í samræmi við fyrri rannsóknir (t.d. King, Meehan, Trim og Chassin, 2006) eru þeir sem reykja 1,5 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur og þeir sem hafa orðið drukknir eru 1,3 sinnum líklegri til þess að vera bóklasir. Tengslin milli þess að hafa orðið drukkinn og að lesa aldrei bækur eru jafnframt marktækt sterkari hér en annars staðar. Latir lesendur virðast því frekar reykja og drekka og spyrja má hvort snúa megi þessu sambandi við og fullyrða að bóklestur sé besta forvörnin.

Annar og óvæntari kynjamunur kemur fram hérlendis: Menntun föður tengist ekki auknum líkum á því að lesa bækur daglega og er það marktækt ólíkt hópnum í heild. Það má því velta því fyrir sér hvort fedur taki minni ábyrgð á bókmenntaupveldi hér en annars staðar. Menntun föður jafnt sem móður dregur þó úr líkum á því að börn hafni bóklestri alveg á unglingsárum.

Íslenskir unglíngar sem stunda engar íþróttir eru nær tvöfalt líklegri til að lesa aldrei bækur en þeir sem eru í íþróttum. Þetta gengur gegn kenningum um tilfærslu (Raeymaeckers, 2002) en er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að börn sem lesa oft bækur utan skólans eru gjarnan virk félagslega (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009). Þetta gildir þó aðeins um skipulagðar tómstundir. Séu unglíngarnir farnir að fara út með vinum sínum flest kvöld dregur úr líkum á því að þeir lesi bækur daglega, jafnframt aukast líkurnar á því að þeir lesi aldrei bækur. Það er ljóst á ESPAD rannsókninni að lífsstíll íslenskra unglínga vegur þungt en segja má að fjölskyldugerðin virki í gegnum hann. Í tengslum við PISA 2000 kom einmitt í ljós að ytri þættir eins og heimili, fjölskylda og skóli hafa ekki eins mikil áhrif á árangur íslenskra nemenda og þættir í fari þeirra sjálfra, svo sem áhugi á lestri og sjálfsmýnd í námi (Almar M. Halldórsson, 2006). Þetta rímar við niðurstöður ESPAD þar sem sambandið milli slaks árangurs í skóla, drykkju og lítills lestraráhuga er sterkara en í samanburðarhópi Evrópulanda.

Heimildir

- Almar M. Halldórsson. (2006). *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárættir. Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2007). *Færni og þekking nemenda við lok grunnskóla: Helstu niðurstöður PISA 2006 í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Andrea G. Dofradóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2006). *Lestur og viðhorf til lesturs. Niðurstöður úr rýnihópum 10-15 ára barna og unglunga*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). Staða lestrarkennslu í íslenskum skólum. Sótt 16. ágúst 2010 af http://bella.stjr.is/utgafur/stada_lestrar-kennslu_i_islenskum_grunnskolum_2009.pdf
- Bjarnason, Þ., Guðmundsson, B. og Ólafsson, K. (í prentun). Towards a digital adolescent society? The social structure of the Icelandic adolescent blogosphere. *New Media & Society*.
- Broddason, Þ. (2006). Youth and new media in the new millennium. *The Nordicom Review*, 27(2), 105-118.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags og mannvísindadeild* (bls. 569-577). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Chiu, M. M. og Khoo, L. (2005). Effects of resources, inequality, and privilege bias on achievement: Country, school, and student level analyses. *American Educational Research Journal*, 42, 575-603.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er „menningarlæsi“ ungs fólks að breytast? Athugun á lestri og tómstundavenjum nemenda í 10. bekk. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 60-81.
- Hafþór Guðjónsson. (2008). PISA, læsi og náttúrufræðimenntun. *Netla, vefstímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 16. ágúst 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/015-/index.htm>
- Hibell, B., Guttormsson, U., Bjarnason, T., Ahlström, S., Balakireva, O., Kokkevi, A. og Kraus, L. (2009). *The ESPAD report 2007: Alcohol and other drug use among students in 35 European countries*. Stockholm: Swedish Council for Information on Alcohol and Other Drugs.
- King, K. M., Meehan, B. T., Trim, R. S. og Chassin, L. (2006). Marker or mediator? The effects of adolescent substance use on young adult educational attainment. *Addiction*, 101, 1730-1740.
- Knulst, W. og Kraaykamp, G. (1997). The decline of reading: Leisure reading trends in the Netherlands. *Netherlands Journal of Social Science*, 33, 130-150.
- Livingstone, S., Bovill, M. og Gaskell, G. (1999). European TV kids in a transformed media world: Findings of the UK study. Í P. Löhr og M. Meyer (ritstjórar), *Children, television and the new media* (bls 8-24). Luton: Luton University Press.
- Mortimore, P., Sammons, P., Stoll, L., Lewis, D. og Ecob, R. (1988). *School matters: The junior years*. Wells: Open Books.
- McElvany, N., Becker, M. og Ludtke, O. (2009). Die bedeutung familiärer merkmale für lesekompetenz, wortschatz, lese-motivation und leseverhalten. *Zeitschrift für Entwicklungspsychologie und Pädagogische Psychologie*, 41, 121-131.
- Pampel, F. C. (2000) *Logistic regression: A primer*. London: Sage.
- Raeymaecker, K. (2002). Research note: Young people and patterns of time consumption in relation to print media. *European Journal of Communication*, 17, 69-383.

- Romme-Lund, H. (2007). *Hvad skaber en lystlæser? - en undersøgelse gennemført i et samarbejde mellem Gentofte Bibliotekerne og Center for Børnelitteratur*. Kaupmannahöfn: Center for Børnelitteratur / Danmarks Pædagogiske Universitet.
- Strommen, L. T. og Mates B. F. (2004). Learning to love reading: Interviews with older children and teens. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 48(3), 188-200.
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árþúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags og mannvísindadeild* (bls. 253-262). Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.